

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisgjald vegna hunda- og kattahalds, ásamt gjaldi vegna fõngunar og vörslu óskilahunda og óskilakatta á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Hunda- og kattaeyndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykktum um hunda- og kattahald á Fljótsdalshéraði, skulu greiða leyfisgjald skv. liðum 14 og 15 í samþykkt um kattahald og liðum 14 og 15 í samþykkt um hundahald.

2. gr.

Af hundum skal innheimta skráningargjald skv. lið 14 í samþykkt um hundahald að upphæð kr. 5.850 á hvern hund við skráningu og síðan árlega fyrirfram.

Af köttum skal innheimta skráningargjald skv. lið 14 í samþykkt um kattahald að upphæð kr. 5.100 á hvern kött við skráningu og síðan árlega fyrirfram.

Innifalið í leyfisgjaldi er eingöngu sá kostnaður sem sveitarfélagið verður fyrir vegna umfjöllunar, umsýslu, eftirlits dýraeftirlitsmanns, auglýsinga, skráningar og aflesara. Allur annar kostnaður sem til fellur vegna hunds eða kattar, skal greiddast af ábyrgðarmanni dýrs.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Fljótsdalshéraði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflifun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald skv. lið 15 í samþykkt um hunda- eða kattahald á Fljótsdalshéraði:

kr. 15.000 fyrir fyrsta skipti sem hundur eða köttur er fangaður,

kr. 20.000 í annað skipti sem hundur eða köttur er fangaður og

kr. 25.000 í þriðja skipti sem hundur eða köttur er fangaður.

Að auki skal greiða kr. 3.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna fõngunar við fjölda skipta sem hundur eða köttur er fangaður á 12 mánaða tímabili.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunar-kostnað.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 18. nóvember 2009, á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grundvelli samþykktar um hundahald sem samþykkt var af bæjarstjórn þann 18. nóvember 2009 sem og á grundvelli samþykktar um kattahald og önnur gæludýr sem samþykkt var af bæjarstjórn þann 18. nóvember 2009 og öðlast þegar gildi. Við staðfestingu gjaldskrár þessarar falla úr gildi eldri gjaldskrár vegna hunda- og kattahalds hjá sveitarfélaginu.

Egilsstöðum, 6. janúar 2010.

Stefán Bragason bæjarstjóri.